

Aðventufundur fulltrúaráðs STEFs 9. desember 2021

Fundargerð

Fimmtudaginn 9. desember 2021 var haldinn fulltrúaráðsfundur hjá STEFi. Fundurinn var haldinn á Hannesarholti til að betur væri hægt að gæta að persónulegum sóttvörnum. Til hans var boðað í samræmi við samþykktir STEFs með fundarboði sem sent var út með tölvupósti þann 15. nóvember, 1. desember og svo minnt á hann samdægurs.

Mættir voru: Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson, Sigurður Flosason, Bragi Valdimar Skúlason, Páll R. Pálsson, Snorri Helgason, Jakob Frímagn Magnússon, Gunnar Andreas Kristinsson, Óttarr Proppé, Hafdís Bjarnadóttir, Hildigunnur Rúnarsdóttir, Hildur Kristín Stefánsdóttir, Úlfar Ingi Haraldsson, Hallur Ingólfsson, Pétur S. Jónsson, Logi Pedro Stefánsson, Magnús Kjartansson og Þórunn Gréta Sigurðardóttir. Að auki sat fundinn Guðrún Björk Bjarnadóttir framkvæmdastjóri.

Formaður fulltrúaráðs, Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson setti fundinn, gerði grein fyrir fundarboðun og stýrði fundi.

Fundarritari var kjörinn Guðrún Björk Bjarnadóttir, framkvæmdastjóri.

Gengið var til boðaðarar dagskrár.

1. Því miður forfallaðist Linda Collin frá Polaris og því gat hún ekki haldið erindi, eins og fyrirhugað hafði verið.
2. Yfirlit yfir úthlutanir STEFs á árinu 2021.

Guðrún Björk Bjarnadóttir gerði stuttlega grein fyrir helstu viðfangsefnum samtakanna þessa dagana svo og stöðu greinarinnar vegna heimsfaraldursins.

Guðrún Björk gerði síðan grein fyrir úthlutunum ársins. Í stuttu máli sagt jókst heildarúthlutun lítillega milli ára, einkum í ljósi þess að úthlutanir erlendis frá jukust á milli ára, sér í lagi hafa streymistekjur aukist til muna. Hins vegar var u.þ.b. 20% samdráttur á heildartekjum innanlands, munar þar ekki síst um lægri bakgrunnstekjur, sem er bein afleiðing af fyrirsjáanlegum neikvæðum áhrifum COVID á hvers konar samkomuhús, veitingastaði o.þ.h. Samdráttur í bakgrunnstekjum milli ára nam ríflega 50% og um 80% hvað varðar tónleika. Vert er að geta þess að miðsumarsúthlutun í ár var mun stærri í ár en á síðasta ári, en sú úthlutun er hluti af aðalúthlutun. Miðsumarsúthlutun nam 66 milljónum í ár, en var 30 milljónir í fyrra. Þar af leiðandi var desemberúthlutunin aðeins minni fyrir vikið.

Helstu lykiltölur í úthlutunum ársins voru síðan eftirfarandi:

| ÚTHLUTANIR: | 2021 | 2020 | BREYTING |
|---|--------------------|--------------------|---------------|
| Aðalúthlutun (þ.m.t. 66m miðsumars) | 198.729.126 | 248.654.508 | -20,08% |
| NCB/NMP: Útg. & tónlistarveitur (4 úthl.) | 68.245.352 | 22.048.711 | 209,52% |
| Tónleikar (2 úthl.) | 7.762.907 | 19.270.312 | -59,72% |
| Flutningur erlendis (4 úthl.) | 137.068.858 | 116.991.876 | 17,16% |
| Samtals | 411.806.243 | 406.965.407 | 1,19% |
| Úthlutað til erlendra rétthafa | 144.719.644 | 184.840.203 | -21,71% |
| Samtals úthlutað á árinu | 556.525.887 | 591.805.610 | -5,96% |

| ÞRÓUN SL. 5 ÁR | 2021 | 2020 | 2019 | 2018 | 2017 | SAMTALS | BREYTING '17-'21 |
|---------------------|--------------------|--------------------|--------------------|--------------------|--------------------|----------------------|------------------|
| Aðalúthlutun | 198.729.126 | 248.654.508 | 223.901.796 | 228.483.285 | 166.840.652 | 1.066.609.367 | 19,11% |
| NCB/NMP | 68.245.352 | 22.048.711 | 30.731.262 | 31.040.586 | 30.530.212 | 182.596.123 | 123,53% |
| Tónleikar | 7.762.907 | 19.270.312 | 28.978.766 | 22.535.070 | 24.988.675 | 103.535.730 | -68,93% |
| Flutningur erlendis | 137.068.858 | 116.991.876 | 84.160.283 | 98.046.735 | 67.923.872 | 504.191.624 | 101,80% |
| Samtals | 411.806.243 | 406.965.407 | 367.772.107 | 380.105.676 | 290.283.411 | 1.856.932.844 | 41,86% |

| STYRKIR ÚR SJÓÐUM Á ÁRINU: | 2021 | 2020 | BREYTING |
|--|-------------------|-------------------|--------------|
| Ferðasjóður * | 1.210.000 | 2.900.000 | -58,28% |
| Upptökusjóður | 11.350.000 | 9.200.000 | 23,37% |
| Nótnasjóður | 6.685.000 | 7.090.000 | -5,71% |
| Tónskáldasjóður Bylgjunnar & Stöðvar 2 | 6.200.000 | 6.000.000 | 3,33% |
| Samtals | 25.445.000 | 25.190.000 | 1,01% |

* Ath: Það á eftir að úthluta einu sinni enn úr Ferðasjóði á árinu

| ÝMIS TÖLFRÆÐI: | 2021 | 2020 | BREYTING |
|------------------------------------|---------|--------|----------|
| Fjöldi verka með flutningspunkta | 14.387 | 12.692 | 13,35% |
| Fjöldi rétthafa með greiðslu | 4.145 | 3.747 | 10,62% |
| Fjöldi rétthafa í bið | 650 | 1.292 | -49,69% |
| Fjöldi verka á skrá | 102.232 | 96.313 | 6,15% |
| Fjöldi rétthafa með aðildarsamning | 5.557 | 5.288 | 5,09% |
| Fjöldi nýrra meðlima | 269 | | |
| Fjöldi nýskráðra höfunda | 591 | 417 | 41,73% |
| Fjöldi höfunda á skrá | 8.488 | 7.916 | 7,23% |

| HÖFUNDAR | TEKJUR '21 | HLUTFALL | TEKJUR '20 | HLUTF. '20 | BREYTING |
|----------------|--------------------|-------------|--------------------|-------------|----------|
| TÍ | 21.656.332 | 5,39% | 28.536.152 | 6,95% | -24,11% |
| FTT | 167.024.267 | 41,54% | 167.108.462 | 40,70% | -0,05% |
| LÁTNIÐ | 26.505.086 | 6,59% | 28.536.152 | 6,95% | -7,12% |
| UTAN | 186.933.084 | 46,49% | 186.411.048 | 45,40% | 0,28% |
| SAMTALS | 402.118.769 | 100% | 410.591.814 | 100% | |

3. Kynning nefndar um endurskoðun úthlutunarreglna

Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson og Óttarr Proppé kynntu vinnu nefndar um endurskoðun úthlutunarreglna STEFs og þá sérstaklega hvað varðar flokkunarkerfi STEFs. Gert er ráð fyrir því að nýjar úthlutunarreglur verði samþykktar af aðalfundi fulltrúaráðs vorið 2022.

Nokkrar umræður og fyrirspurnir voru lagðar fram um tillögur að breytingum á flokkunarkerfinu. Mest var rætt um hugmynd að nýju kerfi sem ætlað væri að styrkja virka höfunda en sem væri ekki huglægt mat heldur myndi miðast við fjölda verka og lengd verka í mínútum sem og að verkin væru flutt í nokkrum mæli. Allt að einu myndu fjárveitingar í slíkt kerfi rúmast innan Menningarsjóðs STEFs auk þess sem lögð yrði niður úthlutun á vegum Sigrænnar nefndar og DMB nefndar STEFs.

Jakob Frímann nefndi þá hugmynd að hvetja og styrkja höfunda sérstaklega til að semja verk fyrir Sinfóníuhljómsveit Íslands svo og sambærilegar hljómsveitir.

Sigurður Flosason nefndi að það vantaði fimmta möguleikann inn í kynninguna, það að afnema alveg flokkunarkerfið án þess að nokkuð komi í staðinn. Það væri réttast að taka slíka ákvörðun. Ekki að afnema eina bjögun og búa til aðra í staðinn. Réttast væri að þeir höfundar sem aflað hafa teknanna fái þær beint til sín. Hluti af meðlimum STEFs eru aldraðir höfundar og það skiptir máli að þeir njóti ávaxta erfiðis síns, það sama á við um arfleifð látinna höfunda. Þá benti hann á að við séum í raun að tala um svo lágar tölur sem fara í núverandi flokkunarkerfi að þær skipta í raun mjög fáa höfunda máli.

Bragi Valdimar sagði að fyrst og fremst væri áhugavert að sjá tölfræðina á bak við höfunda STEFs sem hið nýja kerfi sýni. Hins vegar væri úthlutun skv. nýju kerfi hugsanlega ekkert betri en eldra kerfi því hlutirnir breytast hratt og nýtt kerfi yrði líklega fljótt úrelt. Hins vegar væri mjög áhugavert að sjá hversu litlum fjármunum er í raun varið í flokkunarkerfið að það væri merkilegt að það væri hægt að rífast um þá. Einhvers konar örvunarsjóður fyrir höfunda eins og t.d. Jakob Frímann hafði nefnt væri líklegri til þess að friður yrði um.

Jakob Frímann sagði að við blasti vilji til að ganga til góðra verka hjá nefndinni og að það væri erfitt að glíma við þetta vandræðabarn. Spurði hann um hversu margir meðlimir STEFs hefðu nám og

reynslu að baki til að geta samið verk fyrir Sinfóníuhljómsveitina. Töldu fundarmenn að þeir væru um 100 talsins. Sagði hann að hann skammaðist sín fyrir hversu fá íslensk verk væru flutt af Sinfóníuhljómsveit Íslands.

Að lokum sagði Aðalsteinn Ásberg að vinnu nefndarinnar væri að ljúka. Það væri síðan stjórnar að leggja tillögu fyrir aðalfund fulltrúaráðs í vor og fulltrúaráðs að samþykkja breytingar.

Aðalsteinn Ásberg hvatti að lokum alla fundarmenn til að hugsa þetta vel fram að næsta fulltrúaráðsfundi. Hann hvatti enn fremur fulltrúa til að bjóða sig fram í kosningum fulltrúaráðs í vor til að geta klárað þessi mál sem fyrir liggja.

Bragi Valdimar taldi nauðsynlegt að það yrði haldinn aukafundur fulltrúaráðs í vor til að fara betur yfir allar þær breytingatillögur á úthlutunarreglum.

Pórunn Gréta nefndi að gott væri að skoðað væri í sambandi við úthlutunarreglurnar hvernig farið er með gjörninga og samþættingu myndlistar og tónlistar.

Sigurður Flosason nefndi að ef ákveðið yrði að styrkja sérstaklega þá sem vilja semja fyrir Sinfóníuhljómsveit Íslands hvort ekki þyrfti líka að styrkja aðra höfunda til jafns á móti sem semja annars konar tónlist.

4. Önnur mál

Jakob Frímann ræddi aðeins um fjárlög og hvernig sú vinna blasir við honum í hans nýja hlutverki sem þingmaður. Minnti hann á að það væri að okkar frumkvæði sem að skipt hefði verið upp ráðuneyti Mennta- og menningarmála og að menningarmál hefðu fengið mun meira vægi í nýrri ríkisstjórn en áður.

Ekki voru borin upp fleiri mál, en Kristjana Stefánsdóttir og Ómar Guðjónsson komu og fluttu tónlistaratriði.

Formaður fulltrúaráðs sleit fundi kl. 19:00